

Þriðjudaginn 21. maí 1974.

Nr. 31/1972: Sigurlilja Þórólfsdóttir, Pálína Margrét Reynisdóttir, Stefanía Diljá Reynisdóttir, Þorvaldur Reynisson og Sigurlilja Þórólfsdóttir vegna ófjárráða dóttur sinnar, Ernu Reynisdóttur,

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

Jóni Kristni Valdimarssyni og

(Páll S. Pálsson hrl.)

Auðberg Óla Valtýssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 29. febrúar 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. Krefjast áfrýjendur þess, að stefndu verði dæmt að greiða þeim óskipt skaðabætur að fjárhæð samtals kr. 3.499.666.00 auk 7% ársvaxta frá 1. september 1963 til greiðsludags og málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 26. mars 1973.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Pálína Margrét varð fjárráða, áður en héraðsdómur gekk í máli þessu, og hafði tekið sjálf við forræði þess.

Áfrýjendur Stefanía Diljá og Þorvaldur urðu fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og hafa því sjálf tekið við forræði málsins hér fyrir dómi.

Áfrýjendur hafa hækkað kröfur sínar frá því, er greinir í héraðsdómi, án þess að skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 sé fullnægt.

I.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst atvikum að slysi því, sem mál þetta er af risið. Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ökumaður bifreiðarinnar A 28, Auðberg Óli, eigi nokkra sök á slysi þessu. Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. og 1. og 3. mgr. 69. gr. laga nr. 26/1958, nú laga nr. 40/1968, bera stefndu óskipta bótaábyrgð á tjóni áfrýjenda, að því leyti sem ekki verður talið, að hinn látni sé meðvaldur að slysinu, samkvæmt 3. mgr. 67. gr. laga nr. 26/1958, nú laga nr. 40/1968.

Samkvæmt gögnum málsins virðist bifreiðinni A 28 hafa verið ekið um einn meter frá vinstri vegarbrún. Reynir mun hafa komið frá vinstri út á götuna, mjög skyndilega, í veg fyrir bifreiðina og lent á vinstra framhorni hennar. Telja verður ljóst, að Reynir hafi sýnt verulegt gáleysi í umrætt sinn og sé því meðvaldur að slysinu. Þykir hæfilegt að telja hann eiga 2/3 hluta sakar, þannig að stefndu beri að bæta áfrýjendum 1/3 hluta tjóns þeirra.

II.

Slys það, sem mál þetta er sprottið af, varð 1. september 1963. Með dómi sakadóms Keflavíkur 27. s. m. var stefnda Auðberg Óla dæmd refsing vegna atvika slyss þessa. Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað með líkindatölum tjón áfrýjenda vegna slyssins. Eru álitsgerðir hans dagsettar 5. nóvember 1963, 10. september 1964, 23. ágúst 1965, 29. júní 1967, 26. nóvember 1970 og 27. febrúar 1971.

Stefndi Jón Kristinn hafði keypt hjá Samvinnutryggingum lögboðna ábyrgðarvátryggingu vegna bifreiðarinnar A 28 að fjárhæð kr. 500.000.00. Hinn 28. janúar 1966 greiddu Samvinnutryggingar áfrýjendum kr. 560.000.00 vegna tjóns þessa. Af fjárhæð þessari er talið, að kr. 60.000.00 séu vextir og kostnaður.

Kemur þá fyrst til athugunar, hvort áfrýjendur hafi fengið þann hluta tjóns síns, sem þau gátu kafið úr hendi stefndu, að fullu bættan með þessari greiðslu.

Hinn 18. mars 1974 reiknaði Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur enn með líkindatölum tjón áfrýjenda. Meðal annars reiknaði hann tjón áfrýjenda með „tilliti til ástandsins, eins

og það var 1. febrúar 1966.“. Telur tryggingastærðfræðingurinn, að tjón Sigurlilju vegna missis fyrirvinnu nemi þannig reiknað á slysdegi kr. 1.564.531.00, verðmæti vinnu hennar utan heimilis kr. 56.768.00, verðmæti mæðrالاuna kr. 98.387.00 og ekkjubætur kr. 22.943.00. Þá taldi hann, að á sama hátt reiknað næmi verðmæti barnalífeyris Pálinu Margrétar kr. 21.618.00, Stefaniú Diljár kr. 43.264.00, Þorvalds kr. 55.748.00 og Ernu kr. 103.588.00.

Þegar litið er til gagna um tjón áfrýjenda, lagasjónarmiða um ákvörðun dánarbóta, sakarskiptingar þeirrar, sem ákveðin er í I. kafla hér að framan, og annars þess, sem hér skiptir máli, verður að telja, að áfrýjendur hafi með fyrrgreindri greiðslu frá Samvinnutryggingum fengið að fullu goldinn þann hluta tjóns síns, sem þeir gátu krafist úr hendi stefndu þann dag. Eiga áfrýjendur því ekki rétt á frekari bótum úr hendi þeirra. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjenda í máli þessu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, sem ákveðast kr. 90.000.00.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 19. desember 1967. Á dómþingi 26. mars 1968 fengu lögmennt aðilja sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveðinn tíma. Málið kom næst fyrir á bæjarþingi 21. janúar 1971. Lögðu lögmennt aðilja þá fram nokkur gögn, lýstu gagnaöflun lokið, og fór þá fram munnlegur málflutningur. Ber að átelja þennan drátt.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Jón Kristinn Valdimarsson og Auðberg Óli Valtýsson, eiga að vera sýknir í máli þessu af kröfum áfrýjenda, Sigurlilju Þórólfsdóttur, Pálinu Margrétar Reynisdóttur, Stefaniú Diljár Reynisdóttur, Þorvalds

Reynissonar og Sigurlilju Þórólfsdóttur vegna ófjárráða dóttur sinnar, Ernu Reynisdóttur.

Akvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000.00.

S é r a t k v æ ð i

Ármanns Snævars hæstaréttardómara.

Eg tel skiptingu sakar vegna bótaábyrgðar stefndu gagnvart áfrýjendum hæfilega ákvarðaða í héraðsdómi með vísan til raka hans. Ég er sammála þeim undirstöðusjónarmiðum, sem meiri hluti dómenda beitir við ákvörðun bóta til áfrýjenda úr hendi stefndu. Niðurstaða mín verður einnig sú, að með greiðslu Samvinnutrygginga 28. janúar 1966 sé áfrýjendum að fullu goldinn sá hluti heildarbóta, er þeir gátu krafist úr hendi stefndu þann dag, miðað við framangreinda sakarskiptingu.

Með þessari athugasemd er ég sammála niðurstöðu í dómi meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði frú Sigurlilja Þórólfsdóttir, Þórustíg 8, Ytri-Njarðvík, vegna sjálfrar sín, dánarbús Reynis Þorvaldssonar og fjögurra ófullveðja barna sinna, þeirra Pálínu Margrétar, Stefaníu Diljár, Þorvalds og Ernu Reynisbarna, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. desember 1967, á hendur Jóni Kristni Valdimarssyni, Mávabrait 10 D í Keflavík, og Auðberg Óla Valtýssyni, Kirkjufelli, Vestmannaeyjum, til greiðslu dánarbóta in solidum að fjárhæð kr. 2.128.334.50 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1963 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í þinghaldinu 25. janúar 1971 hækkuðu stefnendur fjárhæð dómkröfu sinnar með samþykki lögmanna stefndu án framhaldsstefnu í kr. 2.552.194.50 með vöxtum eins og í stefnukröfu svo og til greiðslu málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsóknarleyfi með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 19. janúar 1971.

Stefndu hafa hvor um sig aðallega krafist algerrar sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en báðir stefndu hafa fengið gjafvarnarleyfi, takmarkað við kr. 80.000.00 kostnað, stefndi Jón Kristinn með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 27. febrúar 1969, og stefndi Auðberg Óli með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 13. mars 1969, en til vara stórlegrar lækkunar á stefnukröfunum og að málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að aðfaranótt sunnudagsins 1. september 1963 ók stefndi Auðberg Óli bifreiðinni A 28, eign stefnda Jóns Kristins, eftir Reykjanesbraut í Ytri-Njarðvík. Er bifreiðin kom að gatnamótum við afleggjara að samkomuhúsi Njarðvíkur, varð Reynir Þorvaldsson, Þorustíg 8 í Ytri-Njarðvík, fyrir bifreiðinni, og beið hann nær samstundis bana. Reynir Þorvaldsson var 39 ára að aldri og lét eftir sig ekkju og fjögur börn á aldrinum 2—13 ára, þ. e. stefnendur málsins, er nú gera skaðabótakröfu á hendur stefndu í máli þessu. Verða kröfur stefnenda sundurliðaðar síðar.

Skýrslur voru teknar af stefndu og vitnum um umræddan atburð í sakadómi Keflavíkur og af lögreglunni í Keflavík. Verða skýrslur þessar nú raktar að því leyti sem þær kunna að hafa þýðingu fyrir úrslit málsins.

Auðberg Óli Valtýsson skýrði svo frá, að hann og meðstefndi Jón Kristinn hafi skömmu fyrir miðnætti laugardagskvöldið 31. ágúst 1963 farið í ökuferð í Volkswagen bifreið stefnda Jóns Kristins, A 28, af árgerð 1963. Hafi þeir ekið um Keflavíkurkaupstað, en síðan til Sandgerðis og hafi Jón Kristinn ekið bifreiðinni. Á leiðinni til baka frá Sandgerði hafi Jón Kristinn kvartað undan höfuðverki og því falið sér að aka bifreiðinni til baka, sem hann kvaðst hafa verið fús til, þar sem hann sjálfur hafi átt bíl sömu tegundar og haft ökuréttindi frá því í janúar 1962. Hann kveðst síðan hafa ekið bifreiðinni um Keflavíkurkaupstað og Reykjanesbraut að samkomuhúsi Njarðvíkur, en þar hafi þeir verið staddir, er dansleik lauk. Hafi þá komið til þeirra stúlka að nafni Hrönn Þormóðsdóttir úr Keflavík, er þeir hafi kannast við, og beðið þá

að aka sér heim. Kvað Auðberg Óli stúlkuna hafa sest í aftursæti bifreiðarinnar. Kvaðst hann síðan hafa ekið frá samkomuhúsinu og til Keflavíkur, snúið þar við og ekið Reykjanesbraut í suður að Kaupfélaginu í Ytri-Njarðvík. Þaðan hafi hann síðan ekið til baka í átt til Keflavíkur. Dimmt hafi verið af nóttu, en veður hafi verið gott, ekki hafi rignt. Hann taldi götulýsingu á leiðinni ekki hafa verið sem besta, en hann kvaðst þó ekki hafa veitt því athygli, hvort ljós hafi logað á öllum götuljóskerum. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni með fullum ökuljósum, en kvaðst þó ekki geta munað, hvort þau hafi verið tendruð á lægri eða hærri ljósgeisla. Hann kvað sig minna að hafa ekið bifreiðinni í öðru ganghraðastigi, en bifreiðin sé fjórskipt, og telur ökuhraðann hafa verið 30 km eða rúmlega það. Taldi hann bifreiðaumferð í umrætt sinn hafa verið litla og mundi ekki til að hafa mætt bifreið nálægt slysstaðnum. Ekki kveðst hann hafa ekið fram úr neinni bifreið um þetta leyti og ekki muna eftir bifreiðum á undan sér á sömu leið. Hins vegar kvað hann bifreið hafa beðið við biðskyldumerki á gatnamótum Reykjanesbrautar og vegar þess, sem liggur að samkomuhúsinu, þar sem slysið varð. Skyndilega hafi hann séð mann á veginum og hafi sér virst hann koma á móti bifreiðinni. Taldi hann manninn hafa komið snögglega út á veginn í átt frá bíl þeim, sem við vegamótin stóð. Kvaðst hann samstundis hafa hemlað með fullu átaki, en engum togum hafi skipt, að bifreiðin rakst á manninn. Hann kvað mann þennan hafa verið dökklæddan, en ekki kvaðst hann geta sagt til um, hvort maðurinn hafi ætlað að stöðva bifreiðina. Hann kvað ekkert hafa truflað akstur sinn fyrir slysið og ekki hafi hann verið að tala við farþegana. Hann kvaðst ekki hafa ekið eftir vegjaðri Reykjanesbrautarinnar, heldur nokkuð inni á veginum. Hann kvaðst strax hafa farið út úr bifreiðinni, en bifreiðarstjóri bifreiðar þeirrar, sem beðið hafi við gatnamótin, hafi kallað upp í talstöð bifreiðar sinnar um að stoð lögreglu og læknis, sem komu á staðinn nokkru síðar.

Jón Kristinn Valdimarsson skýrði eins frá og Auðberg Óli um ferðir þeirra félaga. Hann taldi Auðberg Óla hafa ekið eðlilega, ekki hratt, og ekkert hafi truflað akstur hans. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því, í hvaða ganghraðastigi bílnum var ekið fyrir slysið, en hélt, að honum hafi verið ekið í þriðja ganghraðastigi. Ekki treysti hann sér til að giska á um hraða bifreiðarinnar. Hann minnti, að Auðberg Óli hafi ekið með fullum ökuljósum, en treysti sér ekki til að muna, hvort hann hafi ekið með hærri eða lægri geisla tendraðan. Skyndilega kvaðst hann hafa séð dökka veru

stökkva í veg fyrir bifreiðina og „slangra“ út höndunum og hafi verið því líkast, að hún hafi ætlað að stöðva bifreiðina. Kvað hann Auðberg Óla hafa snögghemlað um leið, en engum togum hafi skipt, að maðurinn varð fyrir bifreiðinni. Hann kvað hemlaför eftir bifreiðina hafa verið 7 metra. Kvað hann ljós hafa verið á ljósastaurum, en myrkur á slysstaðnum. Hins vegar hafi veður verið gott.

Vitnið Hrönn Þormóðsdóttir skýrði eins frá um ferðir þeirra í bifreiðinni og báðir stefndu hér að framan. Sagði hún, að skömmu áður en þau hafi komið að afleggjaranum að samkomuhúsi Njarðvíkur, hafi maður snögglega komið út á akbrautina frá vinstri. Maður þessi hafi verið í mjög dökkleitum fötum og því mjög erfitt að greina hann í myrkrunu. Hún kvaðst ekki hafa séð mann þennan, fyrr en rétt í þann mund er slysið varð. Hún kvað bifreiðinni hafa verið ekið á hægri ferð, meðan hún var í henni, en ekki kvaðst hún hafa veitt hraðamæli bifreiðarinnar sérstaka athygli. Hún kvað mann þann, er fyrir bifreiðinni varð, hafa lent á vinstra frambretti hennar og kastast síðan á framrúðuna, sem hafi brotnað. Hann muni síðan hafa kastast til baka, þar sem hann lá skammt fyrir framan bifreiðina inni á afleggjaranum að samkomuhúsinu.

Vitnið Birgir Ólafsson kvaðst um klukkan 0230 umrædda nótt hafa verið staddur í leigubifreið sinni, Ö 431, við samkomuhús Njarðvíkur. Hann kvaðst síðan hafa ekið með fullum ökuljósum frá samkomuhúsinu í átt að Reykjanesbraut og þá hafi hann veitt athygli bifreið, sem ekið var norður Reykjanesbrautina, og hafi sú bifreið verið með fullum ökuljósum. Ekki kvaðst hann geta sagt til um hraða þeirrar bifreiðar, en er hún hafi verið komin á móts við bifreið sína, hafi hann skyndilega séð mann hendast frá þeirri bifreið í götuna og hafi þeirri bifreið verið hemlað um leið. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við mann þennan fyrir slysið. Kvaðst hann strax hafa kallað upp í talstöð í bifreiðinni og beðið um aðstoð lögreglu og læknis.

Vitnið Gylfi Þ. Ólafsson kvaðst hafa verið farþegi í Ö 431 og hafi hann setið í framsæti bifreiðarinnar. Er Ö 431 hafi átt eftir um eina bíllengd að Reykjanesbrautinni, hafi henni verið snögghemlað. Hafi sér þá verið litið til hægri og séð þá, hvar maður kom fljúgandi í átt að Ö 431 og hafi hann stöðvast skammt fyrir framan bifreiðina. Mun maður þessi hafa kastast um 2—3 metra, eftir að hann hafi veitt honum athygli. Hann kvaðst ekki hafa veitt A 28 athygli fyrir slysið, og ekki kvaðst hann hafa séð manninn lenda á bifreiðinni.

Vitnið Guðbrandur Kristjánsson, sem einnig var farþegi í Ö 431, staðfesti framburð Gylfa Ólafssonar sem réttan.

Vitnið Ingimundur Pétursson kveðst hafa ekið leigubifreið sinni norður Reykjanesbrautina rétt fyrir slysið, 40—50 metra fyrir aftan A 28. Kvaðst hann hafa ekið með 40—50 km hraða og hafi sér virst bilið á milli bifreiðanna haldast nokkuð jafnt. Þó hafi hann ekki litið á hraðamælinn. Hann kvaðst hafa ekið í þriðja ganghraðastigi bifreiðarinnar, sem hafi fjögur ganghraðastig. Hann kvað A 28 hafa verið ekið í um 1 meters fjarlægð frá vegjaðri Reykjanesbrautarinnar. Hann hafi ekki séð, er maðurinn varð fyrir A 28, en hann hafi þó séð hemlaljós frá bifreiðinni, er henni var hemlað.

Vitnið Albert Albertsson lögregluvarðstjóri kvaðst hafa verið við löggæslu í Samkomuhúsi Njarðvíkur umrætt laugardagskvöld. Í samkomuhúsinu kvaðst hann hafa veitt Reyni Þorvaldssyni at-
hygli, en þó ekki það mikla, að hann gæti sagt um, hvort hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Að dansleiknum loknum kvaðst hann hafa séð Reyni, þar sem hann hafi gengið í átt að samkomuhúsinu, og hafi sér þá virst Reynir reika í spori.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem gerð var skömmu eftir slysið, er vettvangi lýst á þá leið, að yfirborð vegarins hafi verið malborið, laust og óslétt, myrkur hafi verið, birtan slæm, raflýsing. Veðri er lýst sem björtu, en færi hafi verið blautt.

Bifreiðin A 28, sem verið hafði í vörslu lögreglunnar, frá því er slysið varð, var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni hinn 2. september 1963. Segir í vottorði bifreiðaeftirlitsmannsins, að við skoðunina hafi bifreiðin reynst í lagi.

Krufning á líki Reynis Þorvaldssonar var framkvæmd þann 3. september 1963. Í krufningarskýrslu segir m. a., að alkóhólrannsókn í blóði hafi sýnt 1.10‰.

Opinbert mál var höfðað á hendur stefnda Auðberg Óla vegna slyssins fyrir brot á 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 16. gr., sbr. 44. gr. lögreglusamþykktar Gullbringusýslu nr. 160/1943. Í forsendum dóms sakadóms Keflavíkur, uppkveðnum 27. september 1963, segir svo m. a.: „Orsök slyss þess, er hér er um fjallað, má telja samverkandi óvarkárni Reynis heitins, sem þarna var ölvaður einn á ferð, dökklæddur úti á akbrautinni, og of hraðan akstur ákærða í máli þessu miðað við aðstæður.“ Varð niðurstaða sakadóms sú, að stefndi Auðberg Óli

taldist hafa brotið gegn fyrrgreindum refsíákvæðum, en við ákvörðun refsingarinnar var vísað til 51. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 80. gr. umferðarlaga og hann dæmdur til að greiða til ríkissjóðs kr. 3.500.00 í sekt, og kæmi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, og sviptur var hann ökuleyfi í 10 mánuði frá slysdegi að telja. Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að stefndi Auðberg Óli eigi einn sök á slysinu. Hann hafi ekið bifreiðinni í margnefnt sinn án nægilegrar varkárni og of hratt miðað við aðstæður, í náttmyrkri og slæmu skyggni. Reisa þeir kröfur sínar á hendur stefndu á fébótaábyrgðarreglum umferðarlaga nr. 26/1958.

Stefndi Auðberg Óli styður sýknukröfu sína þeim rökum, að slysið verði á engan hátt rakið til óaðgæslu hans við akstur bifreiðarinnar, heldur að öllu leyti til óaðgæslu Reynis Þorvaldssonar sjálfs. Auðberg Óli hafi ekið bifreiðinni undir hámarkshraða og eðlilega miðað við aðstæður. Hann hafi í alla staði verið vel fyrirkallaður til akstursins og ekki hafi hann truflast við aksturinn af farþegunum í bifreiðinni. Upplýst sé, að Reynir Þorvaldsson var ölvaður og kom skyndilega, dökkklæddur, út úr myrkriinu og í veg fyrir bifreiðina, svo nærri henni, að ógerningur hafi verið fyrir Auðberg Óla að stöðva hana á því færi. Komi það og í ljós af framburðum þeirra, sem um geta borið, að enginn varð var við Reyni, fyrr en hann birtist skyndilega fyrir framan bifreiðina. Jafnvel þótt stefnda Auðberg Óla yrði gefið einhver sök á slysinu, þá gæti sú sök aldrei verið nema mjög óverulegur hluti sakarinnar. Í því sambandi bendir stefndi Auðberg Óli á það, að stefnendum hafi verið greiddar kr. 560.000.00 frá Samvinnutryggingum hinn 28. janúar 1966, en sú fjárhæð á þeim tíma hafi verið nægilega há til að fullnægja hluta Auðbergs Óla á sök slyssins.

Varakrafa stefnda Auðbergs Óla er byggð á mótmælum á einstökum kröfuliðum sem allt of háum. Þar að auki sé ekki reiknað með því, að bæturnar séu skattfrjálsar, og heldur ekki sé gert ráð fyrir hagræðingu af því að fá bæturnar greiddar í einu lagi. Þá sé og ekki tekið tillit til greiðslna bóta frá almannatryggingum vegna fráfalls Reynis Þorvaldssonar. Þá mótmælir stefndi Auðberg Óli vaxtakröfum sem of háum og fyrndum að hluta.

Kröfur stefnda Jóns Kristins eru byggðar á sömu rökum og kröfur stefnda Auðbergs Óla, og mótmæli hans eru hin sömu á einstökum kröfuliðum svo og vöxtum. Þá mótmælir hann öllum kröfum stefnenda sem niðurföllnum vegna vangeymslu og held-

ur því fram, að stefnendur hafi fengið allt hugsanlegt tjón sitt að fullu bætt með greiðslu Samvinnutrygginga á umræddum kr. 560.000.00 hinn 28. janúar 1966.

Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður að svo miklu leyti sem unnt er nú. Vegurinn er malbikaður, en var, eins og áður greinir, malarborinn, er slysið varð. Vegurinn er láréttur, beinn og breiður, en göngubraut er ekki meðfram honum samkomuhússmegin. Leyfður hámarkshraði á veginum er 45 kílómetrar á klukkustund, og mun svo einnig hafa verið á slystímanum.

Stefnda Auðberg Óla minnti, að hann hafi ekið bifreiðinni með 30 kílómetra hraða eða rúmlega það, en vitnið Ingimundur Pétursson, sem ók á eftir A 28 og virtist bilið milli bifreiðanna haldast nokkuð jafnt, taldi sig hafa ekið sinni bifreið með 40—50 kílómetra hraða, en leit þó ekki á hraðamæli. Farþegar í A 28 hafa ekki getað borið um ökuhraðann. Stefndi Jón Kristinn taldi aksturinn hafa verið í alla staði eðlilegan, en treystir sér ekki til að bera um hraðann sérstaklega, og vitnið Hrönn kvað bifreiðinni hafa verið ekið á hægri ferð, meðan hún var í henni. Samkvæmt uppdraetti lögreglumanna af vettvangi, gerðum strax eftir slysið, eru hemlaför eftir A 28 7 metrar. Af þessu verður eigi séð, að ökuhraði A 28 hafi verið óeðlilegur við venjulegar aðstæður. Hins vegar var dimmt af nóttu, er slysið skeði, og götulýsing, að sögn stefnda Auðbergs Óla, ekki sem best. Auðberg Óli vissi, að dansleik var lokið í samkomuhúsinu þá rétt áður. Bar honum því að sýna sérstaka varúð við aksturinn, er hann nálgadist samkomuhúsið, þar sem hann mátti ætla, að síðbúnir samkomugestir kynnu þar að vera á ferð. Verður því að telja, að hann hafi í umrætt sinn ekki sýnt nægilega aðgæslu í akstri bifreiðarinnar og orsök slyssins megi að nokkru rekja til þess aðgæsluskorts hans. Ber hann því fébótaábyrgð gagnvart stefnendum á því tjóni, sem þau hafa orðið fyrir vegna slyssins, að því leyti sem sök hans verður metin. Í sama mæli ber stefndi Jón Kristinn ásamt meðstefnda Auðberg Óla fébótaábyrgð gagnvart stefnendum samkvæmt ákvæðum 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Af framburðum þeirra, sem um hafa borið og raktir hafa verið hér að framan, verður eigi annað ráðið en að Reynir heitin Þorvaldsson hafi, dökkklæddur, skyndilega komið úr náttmyrkrinu út á akbrautina í veg fyrir A 28, sem ekið var með fullum ljósum, er hún átti mjög skammt eftir að honum. Verður að telja, að til þeirrar háttsemi hans, sem var mjög varhugaverð, megi rekja

orsakir slyssins að töluverðu leyti. Af þeim sökum verða stefnendur að bera tjón sitt sjálfir að þeim hluta, sem sök Reynis heitins verður metin.

Þegar það allt er virt, sem hér að framan er rakið, þykir hæfilegt að leggja á stefnda Auðberg Óla 2/5 hluta sakar á slysinu, en 3/5 hluta hennar á Reyni heitinn Þorvaldsson.

Pórir Bergsson tryggingafræðingur hefur reiknað út tjón stefnenda fyrir missi framfæranda. Var fyrsti útreikningur hans gerður hinn 5. nóvember 1963, en síðan nokkrum sinnum að nýju vegna breytinga, sem orðið höfðu á kauplagi milli hinna ýmsu útreikninga. Hinn 26. nóvember 1970 reiknar tryggingafræðingurinn tjónið allt upp að nýju. Í þeim útreikningi getur tryggingafræðingurinn þess, að Reynir heitinn hafi verið 39 ára á slysdegi og ekkja hans 34 ára. Í útreikningi sínum umreiknar tryggingafræðingurinn tekjur Reynis heitins þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið, þ. e. árin 1960—1962, til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum þar frá. Miðað við það áætla hann síðan vinnutekjur Reynis heitins 1. til 7. árið eftir slysið sérstaklega og síðan árlega. Út frá þessum grundvelli áætla tryggingafræðingurinn tap stefnanda Sigurlilju. Gerir hann þá ráð fyrir, að börn Reynis heitins hefðu til 16 ára aldurs notið af tekjum hans sem svarar barnalífeyri, en Sigurlilja notið afgangins til jafns við mann sinn. Reiknast tryggingafræðingnum verðmæti taps hennar nema á slysdegi kr. 2.067.799.00. Í annan stað reiknar tryggingafræðingurinn út þetta tap Sigurlilju, en byggir þá útreikninga sína á tekjum Reynis heitins fyrir 8 mánuði slysaársins eingöngu. Nemur verðmæti tapsins þá kr. 2.229.734.00. Í útreikningum sínum notar tryggingafræðingurinn lífrentu á líf beggja og gerir ráð fyrir starfhæfu lífi fyrir Reyni heitinn.

Það kemur fram í útreikningi tryggingafræðingsins, að Sigurlilja hafi lítillega unnið utan heimilis á þeim þrem árum, sem reiknað er með varðandi Reyni heitinn. Tryggingafræðingurinn umreiknar tekjur Sigurlilju þetta tímabil til kauplags á slysdegi á sama hátt og hann umreiknar tekjur Reynis heitins og síðan samkvæmt breytingum á kvennataxta Iðju. Áætla hann síðan vinnutekjurnar á sama hátt og Reynis heitins, og reiknast hagnaður hennar á slysdegi nema kr. 80.994.00.

Þá getur tryggingafræðingurinn þess, að Sigurlilja eigi rétt á mæðralaunum frá Tryggingastofnun ríkisins, þar til yngsta barnið nær 16 ára aldri. Tekur hann síðan upp sundurliðuð mæðralaunin

fyrstu 12 árin eftir slysið og síðan árlega, og reiknast honum verðmæti mæðralaunanna nema á slysdegi kr. 134.353.00.

Að lokum reiknar tryggingafræðingurinn út verðmæti barnalífeyris fyrir börnin, sem reynist á slysdegi:

Fyrir Pálinu Margréti	kr. 21.618.00
— Stefáníu Diljá	— 47.992.00
— Þorvald J.	— 63.019.00
— Ernu	— 124.954.00

Þess er getið, að ekki hafi verið gerður í útreikningnum frádráttur vegna opinberra gjalda. Við útreikninginn notar tryggingafræðingurinn 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra karla og kvenna samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Hinn 19. janúar 1971 gerir tryggingafræðingurinn viðbótarútreikning. Samkvæmt þeim útreikningi hækkar verðmæti mæðralauna á slysdegi vegna breytinga á bótum almannatrygginga í kr. 135.604.00 og verðmæti barnalífeyris barnsins Ernu í kr. 130.738.00. Þá segir í útreikningi þessum, að samkvæmt lögum um almannatryggingar hafi Sigurlilja ekki átt rétt á neinum ekkjulífeyri vegna fráfalls manns síns. Hins vegar hafi hún rétt á ekkjubótum samkvæmt 19. gr. laganna og muni þess vegna hafa fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 23.734.00, en verðmæti þess nemi á slysdegi kr. 22.943.00.

Í kröfum sínum í málinu byggja stefnendur á þessum útreikningum tryggingafræðingsins (hærri tekjuviðmiðunartölu Reynis heitis), en kröfurnar sundurliða stefnendur þannig:

A. Krafa Sigurlilju Þórólfsdóttur persónulega:

1. Bætur fyrir missi framfæranda kr. 2.229.734.00
÷ áætlað verðmæti eigin tekna — 80.994.00

Kr. 2.148.740.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum — 500.000.00 kr. 2.648.740.00

B. Krafa Pálinu Margrétar Reynisdóttur:

1.	Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	21.618.00		
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	25.000.00	kr.	46.618.00
C. Krafa Stefaniú Diljár Reynisdóttur:					
1.	Bætur fyrir missi framfæranda	—	47.992.00		
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	40.000.00	—	87.992.00
D. Krafa Þorvalds J. Reynissonar:					
1.	Bætur fyrir missi framfæranda	—	63.019.00		
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	50.000.00	—	113.019.00
E. Krafa Ernu Reynisdóttur:					
1.	Bætur fyrir missi framfæranda	—	130.738.00		
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	60.000.00	—	190.738.00
F. Krafa dánarbús Reynis Þorvaldssonar:					
	Útfararkostnaður	—			12.000.00
G. Sameiginleg krafa ekkju og barna:					
1.	Endurrit dómsgerða í sakamálinu	—	187.50		
2.	Bótaútreikningur Þóris Bergssonar	—	12.900.00	—	13.087.50
	Samtals	kr.	3.112.194.50		
	Frá dregst greiðsla Samvinnutrygginga	—	560.000.00		
	Samtals	kr.	2.552.194.50		

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til meðferðar.

Um kröfulið A.

1. Fjárhæð þessa kröfuliðs er byggð á útreikningi framan- greinds tryggingafræðings, eins og áður greinir. Stefndu hafa mót- mælt lið þessum tölulega sem allt of háum og órökstuddum.

Við ákvörðun bóta samkvæmt kröfulið þessum ber að hafa í huga skattfrelsi bóta þessara, það hagræði að fá þær greiddar í einu lagi, það, að ekkjan hafði fjögur börn á framfærsluöldri og að hún hefur eigi gift að nýju. Að öllu þessu athuguðu og öðru því, sem máli þykir skipta, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 1.225.000.00, og hafa þá verið dregin frá verðmæti hagnaðar eigin vinnu og samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna.

2. Það þykir ljóst, að ekkjan hefur orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum við fráfalið manns síns. Með tilliti til aldurs hennar og hags hennar að öðru leyti þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 175.000.00.

Um kröfulið B.

1. og 2. Fjárhæðir þessara kröfuliða eru byggðar á útreikningi tryggingafræðingsins um barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og áætluðu tjóni fyrir röskun á stöðu og högum.

Stefndu mótmæla fjárhæðum þessara kröfuliða sem allt of háum og órökstuddum.

Telja verður, að barnið Pálína Margrét hafi orðið fyrir meira tjóni vegna missis framfæranda, sem fari fram úr hinu lögskipaða meðlagi frá almannatryggingum, enda verður að reikna með því, að verðmæti þeirrar framfærslu, sem hún hefði notið frá föðurnum, hefði numið hærri upphæð. Þykja bætur til hennar, þegar öll atriði eru virt, sem máli þykir skipta, hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum kr. 40.000.00.

Um kröfuliði C, D og E.

1. og 2. Sömu rök liggja til grundvallar bótum samkvæmt þessum kröfuliðum og sagt var um kröfulið B hér að framan. Þykja bætur til hér greindra barna með sama hætti hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum, til Stefaníu Diljár kr. 85.000.00, til Þorvalds J. kr. 100.000.00 og til Ernu kr. 175.000.00.

Um kröfulið F.

Fjárhæð kröfuliðs þessa hefur ekki tölulega verið mótmælt sérstaklega, og verður við hann að miða við niðurstöðu dómsins.

Um kröfulið G.

Þessum kröfulið hafa stefndu mótmælt sérstaklega, þar sem ástæðulaust hafi verið af stefnendum að láta reikna út tjón sitt svo oft sem orðið hefur.

Dómarinn telur rétt að afstaða til þessa kröfuliðs verði tekin við ákvörðun kostnaðar í málinu.

Samkvæmt þessu framansögðu nemur heildartjón stefnenda af völdum slyssins samtals kr. 1.812.000.00 (1.225.000.00 + 175.000.00 + 40.000.00 + 85.000.00 + 100.000.00 + 175.000.00 + 12.000.00). Stefndu bæru því með tilliti til þess, sem að framan er rakið 2/5 hluta þess, eða kr. 724.800.00.

Eins og fyrr er rakið, greiddu Samvinnutryggingar stefnendum kr. 560.000.00 upp í tjón þeirra hinn 28. janúar 1966. Á þeim tíma, er slysið varð, var ábyrgðarskyldutrygging fyrir bifreiðar samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 kr. 500.000.00. Með tilliti til þess var umrædd fjárhæð innt af hendi af váttryggingarfélaginu, en kr. 60.000.00 var til greiðslu vaxta og innheimtulauna.

Samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings, dags. 27. febrúar 1971, svarar verðmæti kr. 500.000.00 þann 1. febrúar 1966 til kr. 942.000.00 útreikningardaginn og verðmæti kr. 560.000.00 til kr. 1.055.040.00.

Með tilliti til þessa og alls þess, er að framan er rakið, telur dómarinn, að bótaskyld tjón til stefnenda úr hendi stefndu hafi hinn 28. janúar 1966 með þeirri greiðslu, er þá var innt af hendi til stefnenda, verið að fullu greitt. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 79.087.50, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður þeirra, Þorvaldur Þórarinnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 65.000.00.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Auðbergs Óla greiðist úr ríkissjóði, samtals kr. 55.000.00, og renni hann til Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, þótt Guðmundur Malmquist, cand. jur., hafi með leyfi dómsmálaráðuneytisins og samþykki lögmannsins flutt málið í upphafi hér fyrir dómi sem prófmál.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Jóns Kristins, samtals kr. 55.000.00, greiðist úr ríkissjóði, og renni hann til skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Auðberg Óli Valtýsson og Jón Kristinn Valdimarsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnenda, Sigurlilju Þórólfsdóttur vegna sjálfrar sín, dánarbús Reynis Þorvaldssonar

og barna sinna, Stefaníu Diljár, Þorvalds, Ernu og Pálinu Margrétar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, kr. 79.087.50, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður þeirra, Þorvaldur Þórarinnsson hæstaréttarlögmaður, kr. 65.000.00.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Auðbergs Óla, kr. 55.000.00, greiðist úr ríkissjóði, og renni hann til skipaðs talsmanns hans, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Jóns Kristins, kr. 55.000.00, greiðist úr ríkissjóði, og renni hann til skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans.

Föstudaginn 24. maí 1974.

Nr. 147/1972: Vélsmiðjan Þrymur h/f

(Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

Skilanefnd Sænsk-íslenska

frystihússins h/f

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi byggir kröfu sína í máli þessu á reikningi áfrýjanda